

## Stjórnarfundur 1. nóvember 2022

Teams

### Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Á fundinum sem haldinn var þann 1. nóvember var snið fundarins aðeins öðruvísi en venjulega þar sem framkvæmdirnar í félagsaðstöðunni okkar var eitt aðal umræðuefnið á fundinum. Fær það þess vegna sinn eigin lið á dagskrá fundarins.

### Dagskrá fundarins:

1. Framkvæmdir í félagsaðstöðu
2. Skotstjórafundur
3. Fastir liðir stjórnarfunda
4. Opnunarhátíð félagsins
5. Önnur mál

## 1. Framkvæmdir í félagsaðstöðu

Framkvæmdirnar halda áfram í félagsaðstöðunni okkar en eftir yfirferð í félaginu í dag kom í ljós að nokkuð er enn eftir af framkvæmdunum.

Það þarf að laga lýsingu í bæði loft og púðursal, til þess þarf að kaupa nokkra lampa. Búið er að tala við rafvirkjana um að tengja þá þegar smiðurinn er búinn að koma þeim upp.

Búist er við sendingunni frá Ikea á fimmtudaginn, og er húsanefndin búin að rífa eldhúsið niður og er búið að mála eina umferð þannig að rýmið er tilbúið fyrir nýja innréttingu. Þar að auki ætti að vera hægt að nálgast góðar leiðbeiningar frá Ikea þar sem þetta var pantað eftir teikningu frá innanhúss hönnuði.

Einnig liggja við frekari skoðun mikið af smá verkefnum sem þarf að fara í, eins og að finna út úr hvar allt á að vera. Stóri loftbyssuskápurinn, gildir og byssuskáparnir. Einnig þarf loftpressan samastað. Þetta er mikið verk fyrir húsanefndina og er ekki víst að það takist að hefja aftur skipulagðar æfingar í byrjun desember.

Lagt var fyrir á fundinum að reyna ekki að opna aðstöðuna í desember, heldur stefna bara á það að opna aðstöðuna aftur eftir áramótin og gera það þá almennilega, og var það samþykkt samhljóða.

Húsanefndin er komin á fullt og eru af öllum vilja gerðir að gera sem mest á næstu vikum og ætla að funda fljótlega og sjá hvort sé hægt að finna öllum búnað samastað, hvernig allt á að vera, og skipuleggja hversu oft við höldum vinnukvöld á næstu vikum. Þá verður líklega stefnt á að reyna að hafa mörg vinnukvöld og kalla þá til sem hafa tök á að aðstoða okkur.

Stjórnin mun setja fram tilkynningu þar sem tilkynnt verður opnun aðstöðunnar og kallað eftir því að þeir sem geta skrái sig á lista hjá okkur svo hægt sé að kanna hvort fólk komist að aðstoða.

Stærsta atriðið í framkvæmdunum er enn loftræstingin en þær litlu upplýsingar sem við fáum benda til þess að hún sé lögð af stað til landsins og ætti að vera komin til landsins og uppsett mánaðarmótin nóvember/desember.

Gildrusmíðin fyrir púðursalinn er farin af stað og er verið að vinna í því að skoða hvernig hægt verður að vinna þá tegund af vinnu sem þarf á staðnum án loftræstingar, þar sem það þarf til dæmis að saga og slípa.

## 2. Skotstjórafundur

Stjórnin sammælist um það að tímabært sé að kalla til skotstjórafunds þó svo aðstaðan okkar verði ekki búin að opna þar sem það þarf að halda skyndihjálparnámskeið með skírteini fyrir skotstjórana ásamt því að deila út ábyrgð af mótahaldi félagsins á komandi tímabili.

Stjórnin leggur til þriðjudaginn 22. Nóvember.

Tilkynning verður send á skotstjórana um málið.

## 3. Fastir liðir stjórnarfundu

Stjórn finnst vera kominn tími á breytingu á því hvað fellur undir fasta liði á stjórnarfundum félagsins.

Framkvæmdir í félaginu - Þeim er að ljúka og erum við að taka þær það mikið fyrir á lokametrinum að við teljum það best að sleppa þeim undir föstum liðum, en setja í staðinn undir fasta liði þau störf nefndanna okkar ef einhver starfsemi fer fram í þeim.

D-Leyfis umsóknir - Þetta er eitthvað sem okkur langar til þess að hafa upp á að auka gegnsæi starfa stjórnarinnar en rætt var að breyta framsetningunni á þessum lið. Stjórnin var sammála um að nýta hann til þess að fylgjast með hversu margar umsóknir hafa verið undirritaðar á tímabilinu og jafnvel samantekt yfir hversu margar umsóknir hafa verið undirritaðar á árinu.

Mál Félagsmanna hjá STÍ - Þetta var einnig liður sem hugsaður var til þess að auka gegnsæi starfa stjórnar félagsins en hefur mjög lítið verið að koma þar inn. Okkur langar samt til þess að halda þessum lið inni en þurfum kanski að hvetja frekar til þess að okkar félagsmenn nýti sér okkur í samskiptum við STÍ.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ - Þetta er verkefni sem við ætlum að setja af stað á næstunni og munum reyna að halda félagsmönnum okkar upplýstum um gang verkefnisins. Þetta er vinna sem við teljum veita félaginu mikinn styrk í framtíðinni auk einhverra fríðinda hjá ÍSÍ.

#### 4. Opnunarhátíð félagsins

Stefnt verður á að halda opnunarhátíð í endurbættri aðstöðu félagsins í byrjun næsta árs, en rætt var á fundinum að bjóða kjörnum fulltrúum bæjarins og fleiri aðilum sem hafa komið að þessari vegferð sem framkvæmdirnar hafa verið klukkan 15:00-17:00 og bjóða svo öllum meðlimum og velunnurum félagsins klukkan 18:00-19:00, og halda svo almennan félaga fund í beinu framhaldi klukkan 19:00 þar sem farið verður yfir framkvæmdirnar, okkar nánustu framtíð og gólfíð opnað fyrir félagsmönnum til að spyrja þeirra spurninga sem þeir gætu haft.

Stjórnin leggur til dagsetninguna 5.janúar fyrir þessa dagskrá, en tilkynning þess efnis verður send á alla sem að máli koma á næstu dögum.

#### 5. Önnur mál

Það er kominn tími til þess að skipuleggja þau mál sem eiga að rata inn á aðalfund félagsins en stjórnin var sammála um að stefna á að halda hann í fyrri hluta febrúar.